



Fréttabréf

# Foreldrafélag Sunnulækjarskóla

Nóvember 2012

## Frá 3. fundi foreldrafélags Sunnulækjarskóla 14. nóv. 2012

Gestir fundarins boðnir velkomnir, þeir Gunnar tólmstundar og forvarnarfulltrúi Árborgar og Hermann deildarstjóri í Sunnulækjarskóla.

Farið yfir punkta sem **Hermann deildarstjóri** var með frá Birgi, t.d. að skipuleggja ekki mikið á föstudögum, þá er stundum eitthvað um að vera í húsinu. Aðeins farið yfir hvernig vinnu með nemendaráði er háttað. Hermann fjallar stuttlega um niðurstöður kannana sem haldnar hafa verið í skólanum.

**Gunnar forvarnarfulltrúi** upplýsir að starfsmaður/tengiliður frá Árborg er staðsettur í Sunnulæk á föstudögum í vetur. Gunnar segir aðeins frá sinni vinnu og hvað er í gangi fyrir skólana í sveitarfélaginu, t.d. stelpukvöld sem haldið var í Sunnulæk og á að halda í hinum skólunum.

Rætt stuttlega um félagsmiðstöðina, hverjir mæta og hvernig starfið er. Mikil áhersla er lögð á að vinna félagsmiðstöðvarinnar verði fjölbreytt. Foreldrafélagið fagnar því metnaðarfulla starfi sem farið er af stað í félagsmiðstöðinni. Hugmynd að hittast aftur í t.d. apríl og fara yfir hvernig hefur gengið.

Fyrirspurn frá foreldri vegna **fjáröflunar fyrir 10. Bekk** um myndir af kennurum á heimasíðu skólans. Oft hefur verið rætt um það í foreldrafélagi að það þurfi að vera **myndir af kennurum** á heimasíðu skólans, hugmynd hefur komið frá foreldrafélaginu að nota 10. Bekk í þetta verkefni en stjórnendur skólans vilja að það verði gert á vegum skólans. Foreldrafélagið fylgist með og hlakkar til að sjá myndir á heimasíðu.

Stjórn foreldrafélags lýst vel á þá hugmynd að nota **10. Bekk til aðstoðar við eftirlit í frímínútum**.

Rætt um **foreldraröltið**, áhyggjur af því að það er ekki komið af stað. Rætt um að stjórnarmeðlimur hafi látið lögreglu vita af ólöglegu athæfi hóps unglinga en ekkert hafi verið gert vegna manneklu. Þegar foreldraröltið verður komið af stað er mikilvægt að minna foreldra á að mæta í röltið. Foreldrafélagið telur mjög mikilvægt að fá jákvæða umfjöllun um foreldraröltið og að það sé virkt. Foreldrafélagið býður eftir að geta skipulagt foreldraröltið ásamt foreldrafélagi Vallaskóla.

Aðeins rætt um **afmæli, afmælisgjafir**, og hverjum á að bjóða. Hvað er heppileg upphæð sem gott er að miða við o.s.frv. Gott að benda tenglum á að ræða þessi mál og ákveða einhverjar línur hvað þetta varðar.

Rætt stuttlega um **Aðgerðaráætlun gegn einelti** í Sunnulækjarskóla.

Aðgerðaráætlun er góð en það vantar algjörlega upplýsingar um hvar skuli tilkynna einelti. Rætt í framhaldi um mjög góðan fyrirlestur um einelti sem haldinn var í Fræðsluneti Suðurlands 8. nóvember síðastliðinn og bók Kolbrúnar Baldursdóttur um einelti „**Ekki meir**“. Hugmynd að fulltrúar foreldrafélagsins hitti eineltisteymi skólans og ræði þessi mál.

Linda Björk skýrir stuttlega frá **fundi með skólastjórnendum** og þau mál sem þar var farið yfir. Enn á eftir að finna **fulltrúa í skólaráði**.



**Foreldrarölt:**

- **Varnar því að unglingar lenda í vanda.**  
Nærvera fullorðinna þar sem unglingar safnast saman hefur róandi fyrirbyggjandi áhrif.  
Kemur í veg fyrir hópamyndun eftir löglegan útivistartíma.  
Unglingar fá tækifæri til að leita sér aðstoðar ef þarf á að halda
- **Hefur áhrif á samfélagið sem við búum í.**  
Drykkja og önnur vímuefnaneysla fer síður fram þar sem fullorðnir eru til staðar.  
Þeir sem selja áfengi og önnur vímuefni láta síður sjá sig ef fullorðnir eru til staðar.
- **Gefur foreldrum tækifæri til að kynnast umhverfinu frá öðru sjónarhorni.**  
Hvar unglingar geta haft athvarf til neyslu óæskilegra efna.  
Hvar hópamyndun verður.
- **Skapar tengsl.**  
Ef foreldrar barna í sama aldurshópi hafa hist og þekkjast í sjón eru samskiptin þeirra á milli auðveldari og „viðbragðstíminn“ styttri þegar vandamál kemur upp. Tengsl milli lögreglu og foreldra verða meiri og því auðveldara að leita hjálpar ef eitthvað kemur upp á varðandi unglinginn.

**Hvernig á að hegða sér á foreldrarölti?**

- Vera sýnileg.
- Vera aldrei færri en tveir á röltinu.
- Vera til staðar fyrir unglingana, hlusta á þau en forðast að stjórna þeim.
- Hringja á lögregluna ef upp koma árekstrar, ofbeldi, slyss, vímuefnaneysla eða hvað eina sem krefst afskipta. Taka fram að við erum foreldrar á rölti
- Ræða ekki við ókunnuga um málefni einstaklinga sem við hittum á foreldraröltinu.

**Af hverju á ég að rölta ef barnið mitt er heima og fer ekki út eftir löglegan útivistartíma?**

- Þú hefur áhrif á samfélagið sem þú og barnið þitt búið í.
- Það samfélag tekur á móti barninu þínu þegar það fer að vera úti á kvöldin/nóttunni.
- Því færri sem nota vímuefni, eru lagðir í einelti eða beittir ofbeldi af öðru tagi, því betra og öruggara er það umhverfi sem unglingurinn þinn býr við.
- Við berum öll ábyrgð á okkar nánasta umhverfi.
- Með þátttöku í foreldrarölti sýnum við að okkur er ekki sama.

**Til hvers að rölta, við sjáum aldrei neinn?**

- Það er gott ef foreldrar á rölti rekast ekki á neinn þegar rölt er. Það þýðir að röltið er að virka.

**Skilaboð frá lögreglunni**

**Á ég að kaupa vín, fyrir börnin mín?** Lögreglan vill minna á að með því að seinka áfengisneyslu barna um eitt ár minnkar líkurnar á að það lendi í áfengis/fíkniefnavanda um 70%! Meira um áfengiskaup fyrir börn á [saman.is](http://saman.is) og [saa.is](http://saa.is).  
Einnig vill lögreglan minna foreldra á að fylgjast vel með netnotkun barnanna sinna.  
**Á [saft.is](http://saft.is)** er að finna heilræði fyrir foreldra og leiðbeiningar um örugga netnotkun barna.